

ÞJÁLFRANEFND SSÍ

Hlutverk starfsnefnda SSÍ

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum fulltrúa til starfa í nefndum á vegum SSÍ, frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Starfsnefndir starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður yfirleitt taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á. Stjórn er heimilt að skipa nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á starfi fastanefnda og skal setja nefndunum erindisbréf.

Hlutverk Þjálfaranefndar

er að vera rödd starfandi þjálfara gagnvart SSÍ. Hún er stjórn SSÍ, landsliðsnefnd og landsliðsþjálfara til ráðgjafar þegar kemur að lágmarkum, uppbyggingu og útbreiðslu sundíþróttá á Íslandi. Nefndin styður fræðslunefnd, landsliðsnefnd og landsliðsþjálfara í uppfræðslu starfandi þjálfara, uppbyggingu aldursflokka í sundi og uppbyggingu sundfélaga og deilda. Stjórn SSÍ skipar nefndina og tilnefnir einn úr sínum hópi í hana, en aðrir nefndarmenn eru tilnefndir af þjálfarasamfélaginu á hverjum tíma.

Nefndin skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á ári, en að öðru leyti hittist nefndin eftir þörfum. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok hvers árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.